



11. nóvember 2013

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á 3. ársfjórðungi 2013:

## Tekjur hækka og hagnaður eykst

- ✓ EBITDA hagnaður nam 990 m.kr. og hefur aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi
- ✓ EBITDA hlutfall tímabilsins nam 28,9%
- ✓ Hagnaður nam 415 m.kr. og jókst um 192%
- ✓ Tekjur hækkuðu um 1% frá sama tímabili í fyrra
- ✓ Handbært fé 1.300 milljónir króna og hefur aldrei verið hærra

### Yfirlit lykiltalna:

	3F 2013	3F 2012	Breyt.	% breyt.	9M 2013	9M 2012	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.423	3.393	30	1%	9.746	10.024	-278	-3%
Kostnaðarverð	1.790	1.847	-57	-3%	5.385	5.680	-295	-5%
Framlegð	1.633	1.546	87	6%	4.361	4.344	17	0%
Rekstrarkostnaður	1.000	1.116	-116	-10%	3.175	3.304	-129	-4%
EBITDA	990	799	191	24%	2.261	2.167	94	4%
EBIT	633	430	203	47%	1.186	1.040	146	14%
Hrein fjármagnsgjöld	117	169	-52	-31%	382	523	-141	-27%
Hagnaður tímabilsins	415	142	273	192%	645	347	298	86%
<hr/>								
Framlegð (%)	47,7%	45,6%			44,7%	43,3%		
EBITDA %	28,9%	23,5%			23,2%	21,6%		
EBIT %	18,5%	12,7%			12,2%	10,4%		



## Ómar Svavarsson, forstjóri:

„Þriðji ársfjórðungur ársins 2013 var sérlega góður í rekstri Vodafone. Allar helstu kennitölur rekstrarins eru jákvæðar, hvort sem litið er til tekna, kostnaðar, framlegðarhlutfalls, EBITDA, fjármagnsliða eða hagnaðar. EBITDA hagnaður hefur aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi og hagnaðurinn nærri þrefaldast frá sama tímabili í fyrra. Við erum hæstánægð með þennan árangur, sem er afrakstur markvissrar vinnu starfsfólks Vodafone síðustu misseri.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá tekjurnar vaxa milli ára en um er að ræða viðsnúning sé litið til síðustu ársfjórðunga. Hækkunin á tekjum félagsins skýrist af nokkrum þáttum; markvissri vörusamsetningu og sölu til núverandi viðskiptavina, aukinni gagnamagnsnotkun og auknum tekjum af sjónvarpsþjónustu.

Þessi góði árangur verður þó ekki rakinn eingöngu til aðgerða okkar á síðasta ársfjórðungi. Hér er um að ræða afrakstur stefnumarkandi ákvarðana stjórnenda og fjárfestingarverkefna sem átt hafa langan aðdraganda. Niðurstaða fjórðungsins staðfestir þá trú okkar að stefnan hafi verið rétt og að félagið sé á réttri leið.

Fjárhagsstaða Vodafone er afar sterk. Eiginfjárhlutfallið hefur aldrei verið hærra, handbært fé hefur aldrei verið meira og skuldsetning félagsins er hófleg. Þrátt fyrir að ákveðin óvissa ríki um ýmsa ytri þætti sem haft geta áhrif á reksturinn þá verður spennandi verkefni að takast á við síðasta fjórðung ársins.“

## Rekstrarafkoma á 3. ársfjórðungi 2013:

Tekjur samstæðunnar á 3. ársfjórðungi 2013 námu 3.423 m.kr. og hækkuðu um 30 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2012. Umtalsverð hækkun varð á sjónvarpstekjum, bæði vegna aukinnar sjónvarpsdreifingar og meiri notkunar á gagnvirkri sjónvarpsþjónustu. Þá hækkuðu tekjur af gagnaflutningum, sem skýrist að mestu af aukinni gagnamagnsnotkun heimila. Tekjur af farsímaþjónustu lækkuðu um 4% frá sama tímabili í fyrra, en lækkunin er talsvert minni en á fyrri helmingi ársins. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu lækkaði um 57 m.kr. á milli ára og skýrist lækkunin m.a. af lækkun lúkningar- og reikigjalda.


Framlegð fjórðungsins nam 1.633 m.kr. og hækkaði um 87 m.kr. eða 6% frá 3F 2012.

Rekstrarkostnaður félagsins á 3. ársfjórðungi nam 1.000 m.kr. og lækkaði um 116 m.kr. frá sama tímabili 2012. Mestu munar þar um kostnað vegna skráningar félagsins í Kauphöll Íslands á síðasta ári. Auk þess lækkaði annar rekstrarkostnaður á milli ára og vegur þyngst lækkun á niðurfærslu viðskiptakrafna.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 990 m.kr. og hækkaði um 24% frá sama fjórðungi 2012. Það er mesti EBITDA hagnaður sem félagið hefur skilað á einum ársfjórðungi. EBITDA hlutfall var 28,9%.



Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2009



Hrein fjármagnsgjöld lækkuðu um 31% milli ára og námu 117 m.kr. á tímabilinu. Lækkunina má rekja til lægri fjármagnsgjalda vegna niðurgreiðslu á langtímalánum, í kjölfar hlutfjárútboðs haustið 2012. Þá voru eftirstöðvar einnig endurfjármagnaðar á hagstæðari kjörum.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 516 m.kr. og hækkaði um 98% frá 3. ársfjórðungi 2012. Reiknaður tekjuskattur nam 101 m.kr. og hagnaður fjórðungsins nam 415 m.kr., sem er hækkun um 192% frá fyrra ári. Skatteign var nýtt á móti reiknuðum tekjuskatti fjórðungsins.


Nettó áhrif lúkningargjalda voru jákvæð um 47 m.kr. á EBITDA hagnað fjórðungsins.

**Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2013:**

Sjóðsstaða í lok fjórðungsins var traust og nam handbært fé þá 1.300 m.kr. Handbært fé frá rekstri lækkaði þó um 14% frá sama tímabili 2012. Það skýrist að mestu af breytingu á rekstrar-tengdum eignum og skuldum og hreinum fjármagnsgjöldum.

Fjárfestingahreyfingar námu 8,6% af veltu fjórðungsins. Horfur eru á að fjárfestingahlutfall fyrir árið 2013 verði á því bili sem áður hefur verið gefið út sem er 9,5% til 10,5% af tekjum.

Mynd 2: Breytingar á handbæru fé á 3F 2013





### Rekstrarafkoma á fyrstu 9 mánuðum ársins:

Rekstrartekjur á fyrstu 9 mánuðum ársins námu 9.746 m.kr. og lækkuðu um 278 m.kr. milli ára. Kostnaðarverð lækkaði á sama tíma um 295 m.kr. og því hækkaði framlegð um 17 m.kr. frá fyrra ári. EBITDA hagnaður jókst um 4% á milli ára eða um 94 m.kr. EBITDA hlutfall fyrstu 9 mánuða ársins hækkaði úr 21,6% í 23,2%. Hagnaður tímabilsins nam 645 m.kr. og hækkaði um 86% frá sama tímabili í fyrra.

### Sjóðstreymi á fyrstu 9 mánuðum ársins:

Handbært fé frá rekstri nam 1.496 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins og lækkaði um 13% frá sama tímabili 2012. Það skýrist að mestu af breytingu á rekstrartengdum eignum og skuldum og lægri hreinum fjármagnsgjöldum. Fjárfestingahreyfingar námu 789 m.kr. eða 8,1% af tekjum. Handbært fé í lok tímabilsins nam 1.300 m.kr.

### Efnahagur 30. september 2013:

Efnahagur félagsins er sterkur og jákvæð þróun hefur orðið á öllum helstu kennitölum efnahagsreikningsins á árinu. Eiginfjárlutfall í lok september 2013 var 45,8% og hafði aldrei verið hærra. Veltufjárlutfall var 1,7. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.465 m.kr. eða 1,9-földum EBITDA hagnaði síðustu 12 mánaða fram til 30. september 2013.

### Helstu tíðindi á fyrstu 9 mánuðum ársins:

- Fjölgun í hópi stærstu viðskiptavina
- Endurnýjaðir þjónustusamningar við marga af stærstu viðskiptavinum félagsins
- Skaðabótamál höfðað vegna ólöglegar háttsemi keppinautar
- 4G þjónustu hleypt af stokkunum á völdum svæðum á landinu og hún síðan eflað og þétt
- Dreifingarsamningur gerður við RÚV til 15 ára
- 3G þjónustusvæðið stækkað
- Nýjar þjónustuleiðir í farsíma í sölu
- Sala hófst til fyrirtækja á öryggislausninni VSDM, sem eykur öryggi snjalltækja
- Sala hófst á *EuroTraveller*, nýrri þjónustu sem tryggir hagstæðari farsímanotkun á EES-svæðinu.
- Sala snjallsíma og annarra snjalltækja jókst
- Gagnamagnsnotkun jókst
- Sala hófst á *Ljósneti Vodafone*
- Innleiðing á *Tímaflakki* í sjónvarpi

### Horfur fyrir afkomu á árinu 2013:

Horfur fyrir árið 2013 eru óbreyttar frá því sem áður hefur verið gefið upp.

- ✓ EBITDA hagnaður ársins 2013 verði á bilinu 2,75 til 2,9 milljarðar króna
- ✓ Fjárfestingahlutfall verði á bilinu 9,5-10,5%



### **Kynningarfundur 12. nóvember 2013:**

Opinn kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 12. nóvember 2013 í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2. Kynningin hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á [www.vodafone.is/fjarfestatengsl](http://www.vodafone.is/fjarfestatengsl)

### **Fjárhagsdagatal 2013:**

- |                         |                   |
|-------------------------|-------------------|
| ✓ 3. ársfjórðungur 2013 | 11. nóvember 2013 |
| ✓ 4. ársfjórðungur 2013 | 26. febrúar 2014  |

### **Frekari upplýsingar:**

- ✓ Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið [fjarfestatengsl@vodafone.is](mailto:fjarfestatengsl@vodafone.is) eða í síma 669-9310.